

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1990

13. desember 1990

1293

Nr. 486

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 15. desember 1990 til og með 31. mars 1991 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem afmarkast af eftirtöldum punktum:

1. 65°14'07 N – 24°38'55 V
2. 65°07'23 N – 24°13'36 V
3. 65°11'07 N – 23°48'33 V
4. 65°19'11 N – 24°03'34 V
5. 65°25'02 N – 24°29'58 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

12. desember 1990

Nr. 487

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 639 28. desember 1989 um innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo.

1. Grunnjald sem skal vera 25% af tollverði hvernar fóðurtegundar, þó aldrei hærri en kr. 4 000,00 af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 30. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1991.

B 115

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar, skal innheimta grunngjald skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. desember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um þróunardeild við Fiskveiðasjóð Íslands.**

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa þróunardeild sem veitir lán og styrki.

2. gr.

Hlutverk þróunardeildar er að efla rannsóknir, þróun og nýjungar á sviði veiða, vinnslu og sölumála. Við lán og styrkveitingu skal einkum leitast við að efla hagnýtar rannsóknir og markaðsstarf og skulu verkefni sem að hluta til eru fjármögnuð af öðrum að jafnaði hafa forgang.

3. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ákveður árlega framlag sjóðsins til deildarinnar og skal það að hámarki nema jafngildi 1% eigin fjár Fiskveiðasjóðs Íslands.

4. gr.

Fjárhæð styrkveitinga skal við það miðuð að rekstur deildarinnar verði hallalaus.

5. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands er heimilt að taka lán til endurlána úr deildinni.

6. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ákveður kjör útlána deildarinnar.

7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands metur í hverju tilviki tryggingar fyrir veittum lánnum og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 135, 30. desember 1989 og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. desember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.